



VERKEFNI: OS 7601

DJÚPBORINN JÓTUNN

STÖÐUGLEIKAATHUGUN

VEGNA JARÐSKJÁLFTA

JÚLÍUS SÓLNES, VERKFRAEDIDJONUSTA
TJARNARBÓLI 8, SELTJARNARNESI
SÍMI: 28112.

MAI 1976

OS-JHD-7657

Július Sólnes, prófessor, verkfræðipjónusta
Tjarnarbóli 8, Seltjarnarnesi. Sími 28112

STÖÐUGLEIKI JÖTUNS

1. Ingangur

Við fyrirhugaðar jarðboranir á Kröflusvæðinu með djúpbornum Jötni stafar hætta á því, að borinn geti oltið af völdum jarðskjálfta.

Hér á eftir er reynt að gera grein fyrir þessari áhættu og síðan tekið til athugunar hver sé stöðugleiki borsins í hugsanlegum jarðskjálfta, er veldur láréttir kraftáraun á mastur borsins. Er fyrst og fremst um að ræða hvort undirstaða borsins veiti nægjanlega mótsprynu gegn veltu, þ.e. hafi nægjanlegt mótsprynuvægi gegn veltuvægi jarðskjálftakraftanna. Veltuvægi jarðskjálftahreyfingarinnar, sem hugsað er að virki annars vegar þvert á langás undirstöðu borsins og hins vegar samsíða langás, er metið og síðan borið saman við mótsprynu jarðvegsins, sem er reiknuð á grundvelli þeirra upplýsinga, sem tiltækjar eru um jarðtæknilega eiginleika fyllingarinnar í borplönum.

Þá er einnig framkvæmd lausleg athugun á sveifluhreyfingu bormastursins í jarðskjálfta, og kraftáraun í helztu stöngum í mastrinu, þ.e. í A-ramma, er metin. Atak á pinna-(bolta-) festingar er einnig metið.

Aðal forsenda fyrir eftirfarandi útreikningum er sú, að miðað er við, að stærstu jarðskjálftar á Kröflusvæðinu verði ekki stærri en 6.0 stig á kvarða Richters. Þá er reiknað með, að jarðskjálftaáraunin sé með láréttum bylgjuröftum, sem myndu þá vera sambland S-bylgjuhreyfingar og yfirborðsbylgjuhreyfingar jarðskjálfta af stærð 6.0, er ætti upptök sín nálægt bornum.

2.0 Lárétt yfirborðshröðun

Til ákvörðunar á mestu yfirborðshröðun, sem gæti orðið í jarðskjálfta að stærð 6.0 á upptakasvæði hans (upptakasvæðið, þ.e. "epicentral region" er hér skilgreint sem svæðið utan um "epicentrum" með þvermáli jafnt og tvöfalt dýpi jarðskjálftans.)

hefði þurft að framkvæma hröðunarmælingar með þar til gerðum hröð-unarmælum (strong motion accelerometers). Einn slíkur mælir hefur verið keyptur til landsins, og er verið að stilla hann og koma honum síðan fyrir í stöðvarhúsi Kröfluvirkjunar. Jarðskjálftamælingar þær, sem hafa verið framkvæmdar á svæðinu á vegum Raunvisindastofnunar, byggjast á mælingu á hraða yfirborðsins (velocity) og er því ekki hægt að nota þær til ákvörðunnar á mestu hröðun yfirborðsins.

Ymsar aðferðir hafa verið settar fram til þess að meta mestu yfirborðshröðun í jarðskjálftum. Gutenberg og Richter (1) setja fram eftirfarandi líkingu til ákvörðunnar á hröðuninni. A_o (mestu hröðun yfirborðs á upptakasvæðinu).

$$\log_{10} A_o = -2.1 + 0.81M - 0.027M^2$$

þar sem M er Richterstærð jarðskjálftans. Fyrir M=6.0 fæst $A_o = 61 \text{ Gal (cm/sek}^2)$. Hér er miðað við að engin mögnun á hreyfinguinni eigi sér stað af völdum yfirborðsjarðlaga.

K.Kanai (2) hefur rannsakað hliðstæða jarðskjálfta og þá, sem fundist hafa á Kröflusvæðinu við Matsushiro í Japan 1966. Byggt á mælingum á mestu hröðun yfirborðs í þeim jarðskjálftum setur K.Kanai fram líkinguna

$$\log_{10} ((A_o T_g)/5) = 0.61M - P \log_{10} D + Q$$

þar sem T_g er aðal sveiflutími jarðaryfirborðs (Predominant period of ground), D er fjarlægð frá upptökum (epicentrum) í km og

$$P = 1.66 + 3.60/D$$

$$D \geq 5 \text{ km}$$

$$Q = 0.167 - 1.83/D$$

Ef áætluð eru gildin, M=6.0 og D=5 km fæst

$$P=2.38 \text{ og } Q=-0.20$$

og

$$\log_{10} ((A_o T_g)/5) = 1.80$$

eða

$$A_o = 315.48 / T_g$$

Sveiflutíma jarðaryfirborðs borplana má áætla í kringum 2.5 sek og fæst þá endanlega að $A_o = 199.53 \text{ Gal}$, en gera verður ráð fyrir,

að jarðvegur í borplönunum sé laus í sér og fáist því fremur hátt gildi á sveiflутímanum T_g .

Samkvæmt ofanrituðu er ljóst, að þar sem nær engin mögnun hreyfingarinnar á sér stað verður mesta yfirborðshröðun af stærðinni 60-100 Gal, en með yfirborðsmögnun af stærðinni 200 Gal. Þó er vafasamt að jarðvegur í borplönunum sé svo sterkur, að svo sterk jarðskjálftahreyfing geti borizt til yfirborðsins sem bylgjuhreyfing. Þó þykir ráðlegt að meta mestu hröðun yfirborðs á borplönunum.

$$A_o = 200 \text{ Gal.}$$


3. Massadreifing bors



Mynd 1: Djúpborinn Jötunn.

Mynd 1 sýnir borin við borun á Syðra-Laugalandi í Eyjafirði. Á mynd 2 er sýnd yfirlitsteikning af bornum og helztu atriði þar merkt, þungi þeirra hluta borsins, sem þannig eru skilgreindir sýndir í töflu við hliðina á myndinni. Þungi borsins er fenginn

samkvæmt upplýsingum Sveins Schevings og einnig ráðinn af þeim teikningum, sem fylgja þorum frá framleiðanda.



Mynd 2: Yfirlitsmynd

Tafla 1: Þungar í kp.

T (toppblökk):	6123
H (hlaupablökk):	9525
M3 (mastur 3):	6804
M2 (mastur 2):	11567
M1 (A-rammi):	3357
B (borspil):	24948
R (rotary):	9072
U1 (undirstaða):	19731
U2 ("):	8618
U3 ("):	9072

P (stangapallur)

a) skipt um borkrónu á bordýpi 2000 m. Borstengur og Kellystengur við stangapall.

Þungi 16ðrétt: 77111

Þungi lárétt: 3620

b) skipt um borkrónu á bordýpi 800 m. Borstengur og Kellystengur við stangapall.

Þungi 16ðrétt: 40823

Þungi lárétt: 1916

c) Kellystengur

Þungi 16ðrétt: 1400

4. Veltuvægi jarðskjálftakrafta

Miðað við yfirborðshröðunina 200 Gal er nú reiknað veltuvægi jarðskjálftakraftanna, sem virka á borinn í tveimur tilvikum.

- 1) Á 2000 metra bordýpi þarf að skipta um borkrónu, og verður borinn fyrir jarðskjálftaárauninni með allar stengur uppi.
- 2) Á 800 metra bordýpi þarf að skipta um borkrónu, og verður borinn fyrir jarðskjálftaárauninni með allar stengur uppi.

Jarðskjálftaáraunina má í báðum tilvikum meta sem jafngildi lárétra krafta, sem virka í þungamiðju hvers borhluta. Stærð kraftanna er fundin sem þungi hluta margfaldaður með hlutfallslegri hröðun, þ.e. 200/g, þar sem g er þyngdarhröðunin 981 Gal. Niðurstöður útreikninga eru sýndar í töflu 2 hér að neðan.

Tafla 2: Veltuvægi jarðskjálftakrafta.

Merki	Þungi (MP)	Jarðskj. kraftur (MP)	Vægi- armur (m)	Veltu- vægi (Mpm)		Ath. semdir
				F·e	1)	
	V	F=V·C	e	F·e	1)	F·e
T	6123	1.22	45.2	55.14		
H	9525	1.91	38.1	72.77		
M3	6804	1.36	34.2	46.51		
M2	11567	2.31	15.3	35.34		
M1	3357	.67	8.3	5.56		
B	77111	15.42	17.0	262.14	138.80	Borsteng.
	3620	3.62	29.6	107.15	56.71	" lárétt
	1400	0.28	17.0	4.76	4.76	Kelly
B	24948	4.99	3.0	14.97		
R	9072	1.81	4.0	7.24		
U1	19731	1.97	2.1	4.14		x .5
U2	8618	.86	2.1	1.81		x .5
U3	9072	1.81	3.4	6.15		
Σ_1	108817	18.91		249.6	249.6	
Σ_2	78511	19.04		618.91	445.11	


5. Mótvægi undirstöðu

A mynd 3 er sýnd grunnmynd af undirstöðu borsins og borkjallara. Jarðvegur í undirstöðu, þ.e. borplani, er mulin hraunfylling, og er úpplyst (Verkfræðistofa Sigurðar Thoroddsen sf) að núningshorn fyllingarinnar sé, $\phi = 40^\circ$, en rúmpungi $J = 1.3 \text{ MP/m}^3$. Burðareiginleikum þurra jarðefna (sandur, möl og þ.h.) er lýst með líkingunni (burðarlíking sands):

$$b = Q/\bar{A} = 1/2 \cdot \bar{B} \left(N_q - 1 \right) \left(1 - 1.5 \frac{H}{V} \right)^2 \left(1 - 0.4 \frac{\bar{B}}{L} \right)$$

Fyngdarpunktur undirstöðu hefur hnitin $x_T = 7.75 \text{ m}$ og $y_T = 1.68 \text{ m}$ (sjá mynd 3.). N_q er burðareiginleiki sands og er $N_q = 65$ fyrir $\phi = 40^\circ$. H eru láréttir veltukraftar, V eru löðréttir kraftar, sem virka á undirstöðuna. \bar{A} er virkt flatarmál undirstöðunnar og \bar{B} og \bar{L} er virk breidd og virk lengd undirstöðu.

Mynd 3: Undirstöða, grunnmynd.



Mál í metrum

5.1 Borkrónuskipti á 2000 m dýpi

Lárettir kraftar samanlagt eru $H = 37.95 \text{ MP}$ og lödréttir kraftar eru $V = 187.3 \text{ MP}$ ($\Sigma_1 + \Sigma_2$, sjá Töflu 1). Veltuvægið $M = 618.91 \text{ Mpm}$. Því til viðbótar kemur vægi frá eiginbunga borstanga, sem er 113.89 Mpm fyrir veltu um langás undirstöðu.

5.1.1 Veltuvægi um langás undirstöðu

$$V = 187.3 \text{ MP}$$

$$H = 37.95 \text{ MP}$$

$$M = 732.8 \text{ Mpm.}$$

Miðjufrávik $e_B = M/V = 3.92 \text{ m}$. Verg álagsbreidd $\bar{B} = B - 2 \cdot e_B$
 $\bar{B} = 1.3 \text{ m}$, $\bar{L} = 2.02$, $\bar{A} = 2.63 \text{ m}^2$.

$$b = Q/\bar{A} = 19.46 \text{ MP/m}^2. \quad Q = 51.10 \text{ MP} < 187.3 \text{ MP}$$

Undirstöðuflötur borsins er augsýnilega ekki nógú stór. Með því að styrkja undirstöðuna með steyptum fleka, sem væri komið fyrir undir endum undirstöðuvængja borsins, stærð fleka er $2.1 \cdot 3.1 \text{ m}^2$, fæst: ($\bar{A} = 6.51 \text{ m}^2$, $\bar{B} = 2.1 \text{ m}$, $\bar{L} = 3.1 \text{ m}$)

$$b = Q/\bar{A} = 30.85 \text{ MP/m}^2, \quad Q = 200.85 \text{ MP} > 187.3 \text{ MP}$$

og undirstaða því nægjanlega örugg gegn veltuvæginu.

5.1.2 Veltuvægi þvert á langás undirstöðu

$$V = 187.3 \text{ MP}$$

$$H = 37.95$$

$$M = 249.6 + 262.14 + 4.76 + 1.4 \cdot 2.5 + 77.11 \cdot 5.3 = 928.7 \text{ Mpm}$$

Miðjufrávik $e_B = M/V = 4.96 \text{ m}$. Verg álagsbreidd $\bar{B} = 14.02 - 2 \cdot 4.96 = 4.10 \text{ m} < 5.06 \text{ m}$ (ok). $\bar{L} = 3.35 \text{ m}$, $\bar{A} = 13.74 \text{ m}^2$.

$$b = Q/\bar{A} = 42.18 \text{ MP/m}^2. \quad Q = 579.60 \text{ MP} > 187.3 \text{ MP}$$

Undirstaða er nægjanlega stór.

5.2 Borkrónuskipti á 800 m dýpi

5.2.1 Veltuvægi um langás undirstöðu

$$V = 151.04 \text{ MP} \quad (108.817 + 1.400 + 40.823)$$

$$H = 36.25 \text{ MP}$$

$$M = 449.87 + 1.4 \cdot 1.6 + 40.823 \cdot 1.55 = 515.39 \text{ Mpm}$$

Miðjufrávik $e_B = V = 3.41 \text{ m}$. Verg álagsbreidd $\bar{B} = 2.32 \text{ m}$.

Þeim megin, sem tekið hefur verið gat í botnplötu (sjá mynd 3, bls.

6) næst ekki meiri álagsbreidd en nemur 1.30 m . Með $\bar{B} = 2.32$, $\bar{L} = 2.02 \text{ m}$, $\bar{A} = 4.69 \text{ m}^2$ fæst:

$$b = Q/\bar{A} = 21.36 \text{ Mp/m}^2 \text{ og } Q = 100.2 \text{ Mp} < 151.04 \text{ Mp.}$$

Jafnvel þótt gatið sé ekki reiknað með er burðargetan of lítil.

Með sama fleka ($2.1 \cdot 3.1 \text{ m}^2$) og notaður var í fyrra tilvíkinu fæst:

$$b = Q/\bar{A} = 26.078 \text{ Mp/m}^2 \text{ og } Q = 169.77 \text{ Mp} > 151.04 \text{ Mp.}$$

og öryggi gegn veltu er nú nægjanlega mikið.

5.22 Veltuvægi þvert á langás undirstöðu

$$V = 151.04 \text{ Mp}$$

$$H = 36.25 \text{ Mp}$$

$$M = 249.6 + 138.8 + 4.76 + 1.4 \cdot 2.5 + 40.82 \cdot 5.3 = 613.01 \text{ Npm}$$


Miðjufrávik $e_B = V = 4.06 \text{ m}$. Verg álagsbreidd $\bar{B} = 5.90 \text{ m}$, sem er stærra en nýtanleg álagsbreidd $B = 5.06 \text{ m}$. Hún er því notuð og $\bar{L} = 3.35 \text{ m}$, $\bar{A} = 16.95 \text{ m}^2$.

$$b = Q/\bar{A} = 34.12 \text{ Mp/m}^2 \text{ og } Q = 578.27 \text{ Mp} > 151.04 \text{ Mp.}$$


5.3 Undirstöðufleki

Eins og sést af reikningunum að ofan, er þörf fyrir að styrkja undirstöðunua til þess að auka mótsprynu gegn veltuvæginu. Þetta væri gert hagkvæmast á þann hátt, að gerður sé steyptur, járbentur fleki að stærð $2.1 \cdot 3.1 \text{ m}^2$ og 20 cm pykkur. Hann sé járbentur með K16 mm járni (kambstáli) með 20 cm millibili í báðar áttir (sjá mynd 4). Staðsetning hans er einnig sýnd á mynd 4.

*Mynd 4a
Fleki*



Mynd 4b: STEYPTUR FLEKI (2STK.)



6. Styrkleiki A-ramma

Að framan hefur verið athugað hvort borinn geti oltið í heilu lagi um undirstöðuna. Til viðbótar þeirri athugun er rétt að kanna hegðun mastursins sjálfss með tilliti til undirstöðurammas. Mastrið, sem er stálgrindarmastur, hefur töluberðan sveigjanleika meðan undirstöðugrindin er mjög stíf. Mastrið getur því haft töluberða sveifluhreyfingu um undirstöðuramman sem stífa undirstöðu.

Til þess að fá betri upplýsingar um sveiflueiginleika mastursins var framkvæmd sveiflutímamáeling á mastrinu þann 1. apríl 1976 með sveiflutækinu VM-1.

Grunnsveiflutími mastursins í stefnu þvert á langás undirstöðu mældist 0.88 sekúndur og var svörum mjög góð. Í stefnu sam síðalangás náðist ekki góð svörum og því erfitt að meta grunnsveiflutímum. Mastrið er eitthvað stífara í þá átt og því varlegt að áætla sveiflutímum eitthvað minni. Þar sem lægri sveiflutími veldur stærra jarðskjálftaálagi má varlega áætla sveiflutímum 0.75 sekúndur.

Samkvæmt (3) er "pseudohraði" jarðskjálfta af stærð 6.0 í báðum tilvikum sem hér segir:

$$T = 0.88, \text{ (þverátt)}, s_V(\lambda = 0.02, T = 0.88) = 22.5 \cdot 1.8 = 40.5 \frac{\text{cm}}{\text{s}}$$

$$T = 0.75, \text{ (langátt)}, s_V(\lambda = 0.02, T = 0.75) \approx 40.5 \text{ cm/s}.$$

Heildarskerkraftur í mastrinu niður við undirstöðu-rammana verður því sem hér segir:


$$V = C \cdot W = 2\pi \cdot S_V \cdot W / T \cdot g, \quad W = 37376 \text{ kp.}$$

$$V_1 = 11017 \text{ kp} \text{ (þverátt)}, \quad V_2 = 12927 \text{ kp} \text{ (langátt)}$$

Jarðskjálftakraftar, sem virka lárétt á mastrið verða því (sjá mynd 5):

Vægiarmar:

$$\begin{aligned} a_5 &= 40.1 \text{ m}, \quad a_4 = 33.8 \text{ m}, \quad a_3 = 29.9 \text{ m} \\ a_2 &= 11.0 \text{ m}, \quad a_1 = 4.0 \text{ m.} \end{aligned}$$



Þungar:

$$\begin{aligned} w_5 &= 6123 \text{ kp}, \quad w_4 = 9525 \text{ kp} \\ w_3 &= 6804 \text{ kp}, \quad w_2 = 11567 \text{ kp} \\ w_1 &= 3357 \text{ kp.} \end{aligned}$$

$$\sum w_i a_i = 911.5819 \text{ kpm}$$

Jarðskjálftaálag:

$$F_i = V_1(2) \frac{w_i a_i}{\sum w_s a_s}$$

Kraftar í þverátt:

$$\begin{aligned} F_5 &= 2968 \text{ kp} \\ F_4 &= 3891 \text{ kp} \\ F_3 &= 2459 \text{ kp} \\ F_2 &= 1537 \text{ kp} \\ F_1 &= 162 \text{ kp}, \quad \sum F_i = 11017 \text{ kp} \end{aligned}$$

Kraftar í langátt: (eins og myndi sýnir)

$$\begin{aligned} F_5 &= 3482 \text{ kp} \\ F_4 &= 4565 \text{ kp} \\ F_3 &= 2885 \text{ kp} \\ F_2 &= 1804 \text{ kp} \\ F_1 &= 190 \text{ kp}, \quad \sum F_i = 12926 \text{ kp} \end{aligned}$$

Athuga ber, að kraftarnir geta hvort sem er virkað í þá stefnu, sem myndin sýnir eða þá í mótlæga stefnu.

Mynd 5: Jarðskjálftakraftar

6.1 Styrkleiki A-ramma, langátt undirstöðu.

Fyrir þá áraun, sem sýnd er á mynd 5 fást eftirfarandi legukraftar í liðunum A, B og C. 1 merkir láréttan legukraft, en 2 merkir lóðréttan legukraft. Þess ber að geta, að í A eru raunverulega tveir liðir. Annar liðurinn, sá neðri, festir masturhluta M2 við undirstöðuramma. Hinn liðurinn festir skástoð A-ramma við undirstöðuramma. Til aðgreiningar er fyrri liðurinn merktur A', en sá hinn síðari merktur A''.

Þannig fæst: (pósítíf stefna er svona)

$$A'_1 = 18.261 \text{ Mp}, A'_2 = 89.750 \text{ Mp}$$

$$B'_1 = -30.998 \text{ Mp}, B'_2 = -55.370 \text{ Mp}$$

$$C'_1 = -31.188 \text{ Mp}, C'_2 = -52.370 \text{ Mp}$$

$$A''_1 = -190 \text{ Kp}, A''_2 = 357 \text{ Kp}$$

Þessir kraftar skiptast svo milli A-rammanna, sem eru tveir. Þannig verða skerkraftar í pinnum sem hér segir: (stærstu gildi)

$$A = 45.618 \text{ Mp} (3\frac{1}{2} \text{ pinni}, 4.16-3\frac{1}{2}-15)$$

$$B = 35.65 \text{ Mp} (\text{margir pinnar})$$

$$C = 37.12 \text{ Mp} (\text{pinni})$$

Stangarkraftur í "Gin Pole" A-ramma verður ýmist togkraftur 31.011 Mp, eða þrýstikraftur 36.79 Mp.

6.2 Styrkleiki A-ramma, þverátt.

Í fljótu bragði virðast ekki koma stærri kraftar í "Gin Pole" stöngina en greinir frá að ofan. Kiknunar-rannsókn á þessari stöng né heldur öðrum stöngum er ekki framkvæmd að svo stöddu, þar sem ekki voru fyrir upplýsingar um þvermál og efnisgæði.

7. Lokaorð

Stöðugleikaathugun sú, sem hér hefur verið gerð sýnir, að það þarf að styrkja undirstöðu borsins, nánar tiltekið þvervængja undirstöðuramma. Er sýnt hvernig það má gera með tveim steypum flekum.

Styrkleiki stanga í A-ramma svo og pinnafestingar þarfna ast nánari athugunar.


Reykjavík 17. maí 1976 Július Sólnes

RITSKRA.

- (1) Gutenberg, B. & Richter, C.F. Earthquake Magnitude, Intensity, Energy and Acceleration (2nd Paper). Bull.Seism.Soc.Amer.46,1 105,1956.
- (2) Kanai, K., Hirano, K., Yoshizawa, S. & Asada, T. 61. Observation of Strong Earthquake Motions in Matsushiro Area. Part 1. Bull. Earthq.Res.Inst., Univ.Tokyo.44(1966),1269-1296.
- (3) Solnes, J. Fundamentals of Dynamic Earthquake Response Analysis. Bygningsstatiske Meddelelser.54,4,113,December 1973.

JOHN: Master, meeting a stargazer, 1:04:1976, E 16.32
Hohi sommsee (poppy)

Clicker: 90 Hz, Alstro - vesicle
Gain: 10, All o longas undinadas



SORATION

BUFFALO, NEW YORK